

24  
03 20  
22

  
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS



# Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

## Tímalengd verka:

Sendiboðinn: 8'

Erbarme dich: 7'

Fíðlukonsert: 30'

Sinfónía: 40'

Kór Íslensku óperunnar syngur í framhúsi Hörpu í hléi.

---

Tónleikunum er sjónvarpað beint í heild sinni á RÚV 2 og síðari hluti tónleikanna er einnig sendur beint út á RÚV. Rás 1 útvarpar beint frá tónleikunum.



@icelandsymphony / #sinfó



Stjórnarráð Íslands  
Menningar- og viðskiptaráðuneytið



Reykjavíkurborg

Samstarfsaðili

Icelandair Hotels

Bakhjarl í flutningum

TVG-ZIMSEN

Stoltur bakhjarl

KVÍKA  
Eignastýring

24|03

FIMMTUDAGUR  
KL. 19:30

# Samstöðutónleikar með Úkraínu

## TÓNLEIKAR Í ELDBORG

### Sinfóníuhljómsveit Íslands

#### Kornilios Michailidis

hljómsveitarstjóri

#### Hildigunnur Einarsdóttir

einsöngvari

#### Simos Papanas

einleikari

#### Halla Oddný Magnúsdóttir

kynnir

### Efnisskrá

Valentin Silvestrov

**Sendiboðinn (Der Bote, 1996)**

Johann Sebastian Bach

**Erbarne dich, mein Gott,  
úr Matteusarpassíu (1727)**

W.A. Mozart

**Fíðlukonsert nr. 5 í A-dúr K. 219 (1775)**

Allegro aperto

Adagio

Rondeau. Tempo di Menuetto

### Hlé

Ludwig van Beethoven

**Sinfónía nr. 7 í A-dúr op. 92 (1811–12)**

Poco sostenuto – Vivace

Allegretto

Presto

Allegro con brio

Sveinbjörn Sveinbjörnsson

**Lofsöngur (Ó Guð vors lands)**

Mykhailo Verbytsky

**Shche ne vmerla Ukrainy i slava, i volia  
(Þjóðsöngur Úkraínu)**

For information in English about tonight's  
programme, please visit the Icelandic  
Symphony Orchestra's website:

**en.sinfonia.is**

# Velkomin á samstöðutónleika

Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í kvöld sýnum við samstöðu með úkraínsku þjóðinni og rennur öll miðasala óskipt til neyðarsófnunar Proskahjálpar fyrir fatlað fólk þar í landi. Fatlað fólk er sérstaklega berskjaldað í stríðsátökum og staða þess í Úkraínu er grafalvarleg. Fatlað fólk getur ekki flúið vegna aðstæðna sinna, getur illa orðið sér út um mat, lyf og aðrar nauðsynjar. Einnig aukast líkur á ofbeldi, að fatlað fólk verði skilið eftir og að það sé án aðstoðar og stuðnings. Ástandið versnar dag frá degi og árásir rússneskra stjórnvalda á óbreytta borgara í Úkraínu halda áfram. Ómögulegt er fyrir fólk á okkar friðsæla Íslandi að gera sér í hugarlund hvernig það er að ganga í gegnum þær hörmungar sem nú dynja á úkraínsku þjóðinni. Það er skiljanlegt ef fólk spyr sig hverju við getum áorkað, eins fá og við erum. Hins vegar er mikilvægt að rétta fram hjálparhönd og sýna í verki að við stöndum með almennum borgurum og leggjum þessu mikilvæga málefni lið.

Tónleikarnir eru samstarfsverkefni Sinfóníuhljómsveitarinnar og ríkisstjórnar Íslands.





©Javier de

# Kornilios Michailidis

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Gríski hljómsveitarstjórinn Kornilios Michailidis er staðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2021–22.

Kornilios Michailidis stundaði píanónám í París og í Bandaríkjunum og lauk meistaraþrófi í hljómsveitarstjórn við Sibeliusarakademíuna í Helsinki. Hann var aðstoðarstjórnandi Finnsku útvarpshljómsveitarinnar 2016–17 og gegndi sömu stöðu við Fílharmóníusveit franska útvarpsins á árunum 2018–20. Hann hefur stjórnað fjölda hljómsveita, þar á meðal Sinfóníuhljómsveitinni í Lahti, Grísku útvarpshljómsveitinni og hljómsveit Parísaróperunnar. Í óperuhúsum hefur hann meðal annars stjórnað *Töfraflautu* Mozarts við Teatro Real í Madrid sem og *Falstaff* eftir Verdi og *La clemenza di Tito* eftir Mozart í Helsinki þar sem hann aðstoðaði einnig við uppsetningu á óperunni *Only the Sound Remains* eftir Kaiju Saariaho.

Eftir sigur í Alþjóðlegu píanókeppninni í Mayenne í Frakklandi ferðaðist Kornilios Michailidis um Evrópu, Ísrael og Bandaríkin og hélt einleikstónleika þar sem hann lék annars vegar þrjár síðustu sönötur Beethovens og hins vegar efnisskrá tileinkaða verkum Skrjabíns. Þá lék hann á tónleikum með fiðluleikaranum Sergej Krylov og fyrsta píanókonsert Rakhmanínovs með Sinfóníuhljómsveitinni í Aþenu. Árið 2016 stofnaði hann Tónlistarhátíðina í Koufonisia, þar sem klassísk tónlist hljómar á einni af smæstu eyjum Grikklands.



# Hildigunnur Einarsdóttir

## EINSÖNGVARI

Hildigunnur Einarsdóttir lauk burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Ólafar Kolbrúnar Harðardóttur og Signýjar Sæmundsdóttur og stundaði framhaldsnám í Þýskalandi og Hollandi hjá Janet Williams og Jóni Þorsteinssyni. Hún hefur einnig lokið B.A.-prófi í skapandi tónlistarmiðlun frá Listaháskóla Íslands. Hildigunnur stjórnar ÁR kórnum í Reykjavík og Kvinnakórnum Kötlu ásamt Lilju Dögg Gunnarsdóttur. Einnig kennir hún söng við Tónskóla Sigursveins og Söngskólann Domus Vox og syngur m.a. með Schola cantorum, Cantoque Ensemble og Kór Íslensku óperunnar.

Hildigunnur kemur reglulega fram sem einsöngvari og hefur verið áberandi sem flytjandi kirkjutónlistar. Hún hefur m.a. sungið einsöng í *Messíasi* og *Judas Maccabeus* eftir Händel, *Matteusarpassíu*, *Jóhannesarpassíu* og *Jólaórátoríunni* eftir Bach og *Guðbrandsmessu* eftir Hildigunni Rúnarsdóttur og einnig sungið hlutverk hjá Íslensku óperunni. Hildigunnur hefur sungið einsöng m.a. með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Caput og Kammersveit Reykjavíkur og frumflutt fjölda verka m.a. eftir Ingibjörgu Ýri Skarphéðinsdóttur, Kolbein Bjarnason og Huga Guðmundsson. Hildigunnur var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2014 fyrir túlkun sína á sönglögum Karls O. Runólfssonar með kammerhópnum Kúbus.




# Simos Papanas

## EINLEIKARI

Gríski fiðluleikarinn Simos Papanas fæddist í Þessalóníku árið 1979. Hann stundaði framhaldsnám í fiðluleik, tónsmíðum og stærðfræði við Nýja tónlistarháskólann í Þessalóníku, Oberlin-tónlistarháskólann og Yale-háskóla. Meðal kennara hans voru Petar Arnaoudov, Taras Gabora og Marilyn McDonald.

Papanas hefur komið fram sem einleikari með fjölda hljóm-sveita, meðal annars Staatskapelle Dresden, Kammersveitunum í Basel og Zürich, Sinfóníuhljómsveitinni í Prag, Ríkishljóm-sveitunum í Aþenu og Þessalóníku, Grísku útvarpshljóm-sveitinni og Sinfóníuhljómsveitinni í München. Þá hefur hann hljóðritað meðal annars fyrir Deutsche Grammophon, BIS og Centaur. Papanas hefur komið fram m.a. á tónlistarhátíðunum í Verbier (Sviss), Schleswig-Holstein (Þýskalandi), alþjóðlegu fiðluhátíðinni í Sankti Pétursborg og á tónleikum í Carnegie Hall, Palau de la Musica í Barcelona og Semperoper í Dresden. Tónsmíðar hans hafa verið fluttar víða um heim, meðal annars í Bandaríkjunum, Kanada, Perú, Japan og fjölda Evrópulanda. Papanas hefur starfað sem konsertmeistari Ríkishljómsveitarinnar í Þessalóníku frá árinu 2003.



# Valentin Silvestrov

## SENDIBOÐINN

Valentin Silvestrov (f. 1937) er eitt dádasta tónskáld Úkraínu. Heimsathygli vakti þegar honum tókst að flýja Kænugarði í fylgd erlendra blaðamanna í byrjun marsmánaðar og komst heill á húfi til Berlínar þar sem hann dvelur nú. Silvestrov stundaði háskólanám í verkfræði um skeið en sótti tíma við Tónlistarháskólann í Kænugarði á árunum 1958–64. Hann var eitt þeirra tónskálda Sovétríkjanna sem sömdu nýstárlega og ómstríða tónlist á árunum um 1960 og hlutu fordæmingu yfirvalda að launum. Um langt skeið var tónlist hans varla flutt í heimalandinu og Silvestrov var neitað um fararleyfi til að hlýða á flutning hennar vestan járnþjalds. Það var ekki fyrr en um 1980 að tónlist hans hlaut þá athygli sem hún verðskuldar. Silvestrov tók upp ómblíðari stíl á áttunda áratug 20. aldar og kann sjálfur vel við að hugtakið *póstmodernismi* sé notað til að lýsa tónlist sinni. Einnig má lýsa tónlist hans með orðinu *nýtónal*; hann notar einfalda, hefðbundna hljóma til að magna upp áhrifamikinn seið.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er í fyrsta sinn sem Sendiboðinn eftir Silvestrov hljómar á tónleikum á Íslandi. Áður hafa önnur verk hans hljómað m.a. á hátíðinni Reykjavík Midsummer Music árið 2013 og sálmurinn „Sofðu, Jesú“ í upphafi Sinfóníutónleika 2. mars síðastliðinn.

Verkið *Sendiboðinn* er samið 1996 og tileinkað minningu eiginkonu Silvestrovs, Larissu, sem lést sama ár. Að sumu leyti má greina áhrif Mozarts – hefðbundin strengjútsetning og fögur, einföld stef – en hvað stíllinn snertir er ekki svo. Hendingum lýkur í miðju kafi, framvindan virðist brotakernd og fjarlæg. Rafmagnshljómborð framkallar draugalega stemningu og skapar enn meiri fjarlægð frá hinum klassíska stíl. Sjálfur hefur Silvestrov gefið í skyn að sendiboðinn sem heitið vísar til sé hugsanlega einhvers konar dularfull listagyðja sem tali tungumál 18. aldarinnar, eins og gestur úr annarri vídd birtist með óræð skilaboð að handan.





# Johann Sebastian Bach

## ERBARME DICH, MEIN GOTT

Johann Sebastian Bach (1685–1750) var eitt afkastamesta kirkjutónskáld allra tíma. Á verkaskrá hans eru hátt á þriðja hundrað kantötur, orgeltónlist og mótettur í hæsta gæðaflokki, auk messunnar miklu í h-moll. Bach samdi þó einnig enn stærri kirkjutónverk, nefnilega hinar svonefndu passíur þar sem píslarsaga Kristis er tónsett. Slík verk voru flutt víða á lútherskum svæðum Þýskalands á föstudaginn langa og svo hafði lengi verið.

Tónlistin í passíum Bachs ber mörg sömu einkenni og í kantötum hans – kaflarnir eru ýmist söngles eða aríur, kórþættir eða sálmalög. Passíurnar eru þó margfalt umfangsmeyri. *Jóhannesarpassían* tekur tæpa tvo tíma í flutningi, *Matteusarpassían* tæpa þrjá. Þá eru þær dramatísk verk, segja söguna með leikrænum hætti. Í raun eru passíurnar það næsta því sem Bach komst nokkru sinni að semja óperu.

*Matteusarpassía* var fyrst flutt árið 1727 og er víðamesta og metnaðarfullsta verk Bachs. Hún er í 68 köflum og þegar mest er við haft skrifar hann fyrir átta radda tvöfaldan kór og tvær hljómsveitir. *Matteusarpassía* er á sinn hátt innhverfara verk en *Jóhannesarpassía*. Ein eftirminnilegasta aría verksins er „Erbarme dich, mein Gott“, einlæg bæn fyrir altrödd og einleiksfiðlu sem í grunninn er eins konar hægur *siciliano*-dans. Eins og í mörgum aríum passíuverkanna er hér um að ræða eintal sálarinnar, í þessu tilviki eftir að lærisveinninn Símon Pétur hefur afneitað Jesú þrisvar sinnum. Í textanum er Drottinn beðinn að sýna ljóðmælanda miskunn sína í verki, „Sjá, hjarta mitt og auga gráta beisklega frammi fyrir þér“.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Matteusarpassía Bachs hljómaði lítið eitt styttr árið 1972 í flutningi Pólýfónkórsins og í heild áratug síðar í flutningi sama kórs, Hamrahlíðarkórsins og Kórs Öldutúnsskóla undir stjórn Ingólfs Guðbrandssonar. Áður höfðu nokkrir stakir þættir heyrst á tónleikum, til dæmis lokakórinn á tónleikum Samkórs Reykjavíkur árið 1945. Meðal flutninga verksins á 21. öld má nefna tónleika kóra Hallgrímskirkju undir stjórn Harðar Áskelssonar á Kirkjulistahátíð 2005 og Kórs Langholtskirkju undir stjórn Jóns Stefánssonar 2014.



# W.A. Mozart

## FIÐLUKONSERT NR. 5

Wolfgang Amadeus Mozart var ekki einungis framúrskarandi píanisti heldur var hann einnig prýðilegur fiðluleikari. Hann lagði fiðluna raunar á hilluna síðar á ævinni en á unglingsárum lék hann með hirðhljómsveitinni í Salzburg og þar gafst honum kostur á að flytja konserta og kammerverk eftir sjálfan sig og aðra. Fiðlukonsertana fimm samdi hann árið 1775 og fór líklega sjálfur með einleikshlutverkið þegar þeir voru fluttir fyrst. Engar kadensur eru til frá hendi Mozarts; þær lék hann sennilega af fingrum fram og hirti ekki um að festa þær á blað síðar.

Mozart lauk við konsertinn í A-dúr K. 219 þann 20. desember 1775, fimm vikum fyrir tvítugsafmæli sitt. Það að níttján ára piltur hafi samið þessa tónlist er næsta ótrúlegt eitt og sér, en ekki er síður aðdúunarvert hvílíkkum framförum hann hafði tekið í konsertsmíðunum frá því hann samdi sinn fyrsta fiðlukonsert átta mánuðum fyrr. Mozart hafði aldrei fyrr samið jafnmarga konserta á svo stuttum tíma, og tók ekki aðra slíka skorpu í þeirri grein fyrr en upp rann gósenár píanókonsertanna, 1786.

Sem oftar í konsertum sínum kemur Mozart áheyrendum sínum á óvart þegar einleikarinn hefur upp raust sína í fyrsta sinn. Hljómsveitin hefur þá þegar leikið nokkur lykilstef og búast mætti við að fiðlarinn hefji leik sinn með því að endurtaka hið fyrsta þeirra. Þess í stað skiptir Mozart yfir í hægt tempó; með langri og lýrskri fiðluhendingunni vaggar hljómsveitin með klíðmjúkum tónum sem minna á kveðjutríóið dásamlega í óperunni *Così fan tutte* fimmtán árum síðar. Síðan er tekið til við hraðara spil þar sem frá var horfið.

Miðkaflí konsertsins er sérdeilis fagur og stemningin allt að því draumkennd. Í lokapættinum læðist óvæntur gestur inn í tónlistina sem annars hefur tignarlegt yfirbragð menúetts. Tyrknesk músík var vinsæl í Austurríki um það leyti sem Mozart samdi konsertinn og hann fór ekki varhluta af því æði öllu fremur en samtímamenn hans Haydn og Gluck, né heldur Beethoven í Níundu sífóníu sinni. Mozart samdi síðar „tyrkjaverk“ á borð við óperuna *Brottnámið úr kvennabúrinu* og lokapátt píanósónötunnar í A-dúr K. 331 (*Rondo alla turca*), en hér hnuplur hann hressilegum marsi úr fyrstu tilraun sinni í þessa átt, ballettónlist sem upphaflega heyrðist í óperunni *Lucio Silla* þremur árum fyrr.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Fimmti fiðlukonsert Mozarts hljómaði í fyrsta sinn á Íslandi á tónleikum franska fiðluleikarans Henri Marteau í Gamla bíói árið 1930. Þar lék hann verkið með þýska píanistanum Kurt Haeser, en fyrsti hljómsveitarflutningur var á minningartónleikum Hljómsveitar Reykjavíkur í desember 1941, þegar 150 ár voru liðin frá andláti tónskáldsins. Þá lék Björn Ólafsson einleik en Victor Urbancic stjórnaði hljómsveitinni.

Konsertinn hefur hljómað ellefu sinnum á tónleikum Sífóníuhljómsveitar Íslands, fyrst í flutningi Valeríjs Klímoff í Þjóðleikhúsinu 1957. Meðal annarra flytjenda með Sí má nefna Wolfgang Schneiderhan, Guðnýju Guðmundsdóttur og Nicola Benedetti, sem lék hann í Eldborg árið 2015. Þá hefur konsertinn hljómað í flutningi annarra hljómsveita hér á landi, m.a. Sífóníuhljómsveitar Norðurlands árið 2016.



# Ludwig van Beethoven

## SINFÓNÍA NR. 7

Alkunnna er að samtímamenn Ludwigs van Beethoven (1770–1827) furðuðu sig oft á tónsmíðum hans, ekki síst þegar hann spreytti sig á hinum stærri formum. Þegar þriðja símfónía hans, *Eroica*, var frumflutt árið 1805 sagði gagnrýnandi *Allgemeine musikalische Zeitung* að Beethoven ætti það til að „týnast í stjórnsleysi“ og að margt í hinu nýja verki væri „hrikalegt og stórskrýtið“. En stundum hitti Beethoven beint í mark. Sjöunda símfónían var fullgerð í apríl 1812 og við frumflutninginn í hátíðarsal háskólans í Vínarborg í desember 1813 ætlaði allt um koll að keyra. Meðal viðstraddra var tónskáldið Louis Spohr sem lýsti tilþrifum hins nærri heyrnarlausu tónskálds frammi fyrir hljómsveitinni: „Þegar kom *sforzando* í tónlistinni sleit hann nærri því af sér handleggina með snöggum hreyfingum og þegar *forte* hljómaði stökk hann í loft upp.“ Vinir tónskáldsins höfðu um það milligöngu að tónleikarnir voru endurteknir fyrir fullu húsi og þannig komst Beethoven úr þeim fjárhagskröggum sem höfðu gert honum lífið leitt um skeið.

Vinsældir hinnar sjöundu næstu áratugina áttu sér enga hliðstæðu meðal símfónía meistarans. Það komst upp í vana í tónleikasöllum Evrópu að klappa upp annan þáttinn, enda komst sú hefð ekki á fyrr en undir lok 19. aldar að hlustendur sætu þöglir allt þar til lokatónn verks væri dáinn út. Ekki leið á löngu þar til hægt var að kaupa sjöundu símfóníuna í útsetningum fyrir hina ýmsu hljóðfærahópa – septett, strengjakvartett, píanó, fjórhent píanó og tvö píanó – því að brodborgarar nítjándu aldar vissu fátt betra en að láta nýjustu símfóníur meistaranna hljóma í stásstofum sínum. Aðeins „stríðssímfónían“ *Wellingtons Sieg* (Sigur Wellingtons), sem var frumflutt á sömu tónleikum 1813 og lýsir sigri hertogans af Wellington á herdeildum Napóleons í orrustunni við Vittoria á Spáni, naut meiri hylli meðal almennings en sjöunda símfónían. Það verk er í dag flestum gleymt og þykir sönnun þess að stundarvinsældir segja ekki alltaf rétt til um raunverulegt gildi listaverka.

Sjöunda símfónía Beethovens er að ýmsu leyti einstök meðal verka hans í þeirri grein. Í henni er til dæmis enginn hægur kafli. Jafnvel þótt annar kafli verksins (*Allegretto*) hafi um áratuga skeið verið leikinn langt „undir tempói“ eru hljómsveitarstjórar nútímans nú almennt teknir að átta sig á því að hann er aðeins hægur í samburði við það sem kemur á undan og eftir. Hægur

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sjöunda símfónía Beethovens heyrðist fyrst á Íslandi í lönó í júní 1926, flutt af Fílharmóníuhljóm-sveit Hamborgar undir stjórn Jóns Leifs. Símfóníuhljóm-sveit Íslands hefur flutt hana margofter og meðal stjórnaða hafa verið Olav Kielland (1955), Bohdan Wodiczko (1961), Daniel Barenboim (á Listahátíð 1970), Jean-Pierre Jacquillat (1979), Osmo Vänskä (1993), Eivind Aadland (2005), Hannu Lintu (2011) og Andrew Litton (2014). Fleiri hérlendar sveitir hafa einnig leikið verkið, m.a. Símfóníuhljóm-sveit Norðurlands og Símfóníuhljóm-sveit áhugamanna.

inngangurinn að fyrsta kaflanum er aftur á móti sá lengsti í öllum sínfóníum Beethovens. Sérstaða verksins felst öðru fremur í hinni einstöku lífsgleði sem stafar frá hverri einustu nótu. Berlioz kvaðst heyra bændadans í fyrsta þættinum, tónlistarfræðingurinn Paul Bekker líkti verkinu við „orgíu Bakkusar“ og Richard Wagner lýsti því yfir að sínfónían væri „upphafning dansins“.

Inngangurinn að fyrsta þætti spannar nokkrar ólíkar tóntegundir, sumar harla fjarskyldar þeirri tóntegund sem Beethoven valdi verkinu í heild. Fagurt óbóstef hljómar tvisvar en síðan hægist smám saman um. Loks er ekki eftir nema einn tónn, síendurtekinn, sem flæðir yfir í aðalkaflann og myndar kjarnann að meginstefinu. Annar kaflinn er eins konar tilbrigði þar sem skiptast á tvö stef, annað ábúðarfullt sem vex í styrk í hvert sinn sem það heyrst, hitt öllu blíðara, hnígandi og rísandi tónstigar þar sem klarínnett og fagott eru í forgrunni.

Þriðji þáttur er *scherzo*, eitt hið fjörugasta sem Beethoven samdi. Tónlistin þeytist áfram í fjögurra takta hendingum en stundum bregður tónskáldið á leik og skeytir inn tóktum sem koma hinni reglulegu hendingaskipan í uppnám. Eins og í nokkrum öðrum verka sinna – til dæmis fjórðu sínfóníunni – fer Beethoven tvisvar í gegnum hið hefðbundna form (*scherzo* – tríó – *scherzo*), svo að miðkaflinn, þar sem blásarar eru í forgrunni, er endurtekinn í heilu lagi. Lokapátturinn einkennist af sömu óbeisluðu lífsgleðinni og hinir fyrri, og enn er það lítið og sakleysislegt hrynmótíf sem tengir saman hin ólíku – en sannarlega fjörugu – stef.

Sjöunda sínfónía Beethovens markaði að vissu leyti tímamót á ferli Beethovens, ásamt hinni áttundu sem fylgdi strax á eftir. Hetjuskeiðinu svonefnda, sem talið er hefjast um 1802, lauk 1812, árið sem hann fullgerði þessi tvö stóru verk. Næstu ár einkenndust af vonbrigðum og illdeilum í einkalífi Beethovens og afköst hans á árunum 1813–1818 voru ekki svipur hjá sjón. Þó voru þessi ár ekki með öllu glötuð. Í þögninni gafst honum færi á að endurmeta stíl sinn, skapa nýtt tónmál sem átti sér ekki hliðstæðu í list samtímans. Þá fann hann frelsi til að gera enn nýstárlegri tilraunir en áður, óheftur af takmörkunum ytri veruleika.

Árni Heimir Ingólfsson

## Á DÖFINNI

**31|03**

FIMMTUDAGUR  
KL. 19:30



## Hetjulíf

Ein Heldenleben eða Hetjulíf eftir Richard Strauss er eitt stórbrotnasta tónverk síðrómantíkur, samið fyrir risavaxna hljómsveit sem telur um hundrað manns. Stefan Dohr leikur hinn glæsilega hornkonsert nr. 2 eftir Strauss, saminn í Vínborg árið 1942, eins konar kveðjuóður til gullaldar sem var að líða undir lok. Stefan hefur verið kallaður „konungur hornsins“ enda var hann ekki nema 25 ára þegar hann var valinn í stöðu fyrsta hornleikara í Fílharmóníusveit Berlínar og er ekki ofsögum sagt að hann sé goðsögn meðal málmblástursleikara. Tónleikarnir hefjast á verki eftir George Walker, sem var fyrsta svarta tónskáldið til að hljóta hin virtu Pulitzer-verðlaun í tónlist

**07|04**

FIMMTUDAGUR  
KL. 19:30



## Páskatónleikar Sinfóníunnar

Gubaidulina samdi konsertinn Sieben Worte eða Sjö orð, fyrir bajaran, selló og strengjasveit, árið 1982, en við frumflutninginn í Moskvu lét hún ekkert uppi um trúarlega skírskotun verksins enda höfðu yfirvöld í Sovétríkjunum óbeit á kristinni trú. Sjö orð er meðal allra áhrifamestu verka Gubaidulinu og hljómar hér í flutningi harmóníkuleikarans Geirs Draugsvoll, sem hefur starfað náið með tónskáldinu um árabil, og Sigurgeirs Agnarssonar, fyrsta sellóleikara Sinfóníunnar.

Anton Bruckner var eitt trúræknasta tónskáld 19. aldarinnar og sínfóníum hans hefur oft verið líkt við dómkirkjur í tónum. Þriðja sínfónían var tímamótaverk á ferli Bruckners og í verkinu fann hann sína eigin mikilfenglegu rödd eftir áralanga leit. Eva Ollikainen, aðalstjórnandi Sínfóníuhljómsveitarinnar, hefur sérstakt dálæti á verkum Bruckners og túlkar þau af innsæi og röggsemi.

*Kvika eignastýring veitir allhliða  
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*

---



**KVIKA**

*Eignastýring*

# 24 03 20 | Sinfóníuhljómsveit 22 | Íslands

## 1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir,  
konsertmeistari  
Una Sveinbjarnardóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Pétur Björnsson  
Lin Wei  
Laufey Jensdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Andrzej Kleina  
Laufey Sigurðardóttir

## 2. fiðla

Páll Palomares  
Gunnhildur Daðadóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir  
Hlín Erlendsdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Hrefna Berg Pétursdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir

## Víola

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Łucja Koczot  
Sarah Buckley  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Herdís Anna Jónsdóttir

## Selló

Sigurgeir Agnarsson  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Helga Björg Ágústsdóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson

## Bassi

Jacek Karwan  
Richard Korn  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

## Flauta

Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau

## Óbó

Julia Hantschel  
Peter Tompkins  
Matthías Nardeau

## Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir  
Grímur Helgason

## Fagott

Briþjón Ingason  
Eugénie Ricard

## Horn

Stefán Jón Bernharðsson  
Asbjörn Ibsen Bruun  
Joseph Ognibene  
Abel Pérez Armas

## Trompet

Jóhann Már Nardeau  
Einar Jónsson

## Básúna

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson

## Bassabásuna

David Bobroff

## Túba

Nimrod Ron

## Orgel

Guðrún Óskarsdóttir

## Pákur

Soraya Nayyar

## Slagverk

Steeff van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Eggert Pálsson

Eva Ollikainen *aðalhljómsveitarstjóri* og *listrænn stjórnandi*  
Bertrand de Billy *aðalgestastjórnandi*  
Kornilios Michailidis *staðarhljómsveitarstjóri*  
Daniel Bjarnason *listamaður í samstarfi*  
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*  
Víkinger Heiðar Ólafsson *staðarlistamaður*

## Framkvæmda- og skrifstofuteymi

Lára Sóley Jóhannsdóttir *framkvæmdastjóri*  
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*  
Halla Oddný Magnúsdóttir *viðburða- og skipulagsstjóri/í orlofi*

Valdís Þorkelsdóttir *viðburða- og skipulagsstjóri*  
Jökull Torfason *verkefnastjóri viðburða*  
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*  
Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*  
Inga María Leifsdóttir *markaðs- og kynningarfulltrúi*  
Svanhvít Hrólfssdóttir *fjármálastjóri*  
Kristbjörg Clausen *nótnavörður*  
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*  
Hrafnhildur Árnadóttir *Hafstað umsjónarmaður nótna*  
Sigþór J. Guðmundsson *verkefnastjóri sviðs- og tæknimála*  
Björk Björgúlfssdóttir *sviðsmaður*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

**05|05**

FIMMTUDAGUR  
KL. 19:30

TÓNLEIKAKYNNING  
KL. 18:00

# VÍKINGUR OG JOHN ADAMS

Eitt frægasta tónskáld Bandaríkjanna  
stjórnar tónlist sinni á Íslandi í fyrsta sinn.

Efnisskrá

**John Adams**

*Short Ride in a Fast Machine*  
*Must the Devil Have All the Good*  
*Tunes?, píanókonsernt*  
*Harmonielehre*

**John Adams**

Hljómsveitarstjóri

**Víkingur Heiðar Ólafsson**

Einleikari

Miðasala  
**sinfonia.is**

Sími  
**528 5050**

